

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

46. fundur.

að Hlíðavegi 6, 11.11. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Hitaveitumál. Landeigendur í Vogum mæta til fundarins.
3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004.
4. Tillögur sameininganefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.
5. Skipun í tengslahóp Atvinnuþróunarfélagsins vegna verkefna í ferðapjónustu.
6. Bréf Landgræðslunar um ástand lands á afréttum vegna gæðastýringar í framleiðslu sauðfjárafurða.
7. Erindi Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga vegna aukningar hlutafjár.
8. Skipun í þriggja manna nefnd til ráðuneytis um gerð útivistarkosta.
9. Bréf Sniðils dags. 11. nóv. 2004 þar sem beðið er um afslátt af gatnagerðargjöldum.
10. Rannsóknarstöðin við Mývatn.

Til kynningar:

- a) Svar til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
- b) Bréf Samtaka ferðapjónustunnar um lengingu háannar í ferðapjónustu.
- c) Verkefni Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga. Gerð göngu- og útivistarkorta frá Bakkafirði að Eyjafirði.
- d) Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Sverrir Karlsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti óskaði eftir að 8. og 9. máli yrði bætt á dagskrá. Þá lagði Böðvar til að 10. máli yrði bætt á dagskrá.

2. Hitaveitumál. Landeigendur í Vogum mæta til fundarins.

Eftirtaldir landeigendur í Vogum eru mættir til fundarins: Leifur Hallgrímsson, Jón Ingi Hinriksson, Þorlákur Jónasson, Lilja Árelíusdóttir og Hjördís Albertsdóttir.

Fram kom hjá landeigendum að þeir eru reiðubúnir til viðræðna um lausn málsins við sveitarstjórn. Jafnframt kom fram að kröfur landeigenda sem fram komu 18. nóv. 1999 eru með öllu óbreyttar.

Sveitarstjórn hefur áður samþykkt að óska eftir við Pétur Guðmundarson hrl. að aðstoða við samningaumleitunir. Sveitarstjórn samþykkir að skipuð verði þriggja manna nefnd, sem í sitji sveitarstjóri og einn fulltrúi meiri- og minnihluta í sveitarstjórn til viðræðna við landeigendur í Vogum.

3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004.

Frestað til næsta fundar.

4. Tillögur sameininganefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.

Eftirfarandi tillögur hafa verið lagðar fram um sameiningu sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu.:

Þingeyjarsýslur

Í Þingeyjarsýslum eru tíu sveitarfélög með tæplega 5.200 íbúa á svæði sem nær frá Fnjóskadal í vestri að Langanesi í austri. Landfræðilega er svæðið mjög stórt, en það nær yfir tæplega 16.000 km² svæði. Tæplega helmingur íbúa Þingeyjarsýslna býr á Húsavík, en aðrir byggðakjarnar eru Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn, Reykjahlíð við Mývatn og Laugar í Þingeyjarsveit.

Þrátt fyrir að fjarlægðir milli byggðakjarnanna séu miklar hefur samstarf sveitarfélaganna gegnum Héraðsnefnd Þingeyinga verið umfangsmikið og náð yfir öll helstu lögbundin verkefni sveitarfélaga, svo sem félagsþjónustu og fræðslumál. Héraðsnefnd Þingeyinga hefur enn fremur tekið yfir rekstur málefna fatlaðra með þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið. Starfssvæði Héraðsnefndarinnar er enn fremur sérstakt heilbrigðisumdæmi undir stjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Á svæðinu eru tveir framhaldsskólar, Framhaldsskólinn á Húsavík og Framhaldsskólinn á Laugum.

Landfræðileg stærð svæðisins og dreifing byggðarinnar gerir það þó að verkum að erfitt verður að sameina sýslurnar í eitt staðbundið stjórnvald án þess að byggja upp umfangsmikið net hverfisstjórna. Í ljósi stöðu samgöngumála á svæðinu í dag telur nefndin ekki tímabært að sameina öll sveitarfélögin í eitt, en leggur áherslu á að sveitarfélög sameinist í einingar sem eru nógu öflugar til að sinna rekstri grunnskóla. Jafnframt hvetur nefndin til þess að samstarf á vegum Héraðsnefndar Þingeyinga verði eflt þannig að Héraðsnefndin verði sterk nærþjónustueining og jafnvel hagsmunagæsluaðili fyrir Þingeyinga, til dæmis í atvinnumálum. Tillögur nefndarinnar fela í sér aðgerðir til að stuðla að öflugra sveitarstjórnarstigi í Þingeyjarsýslum með nánu og skilvirkum samstarfi um stærri málaflokka.

Suður-Þingeyjarsýsla

Í Suður-Þingeyjarsýslu eru fimm sveitarfélög með tæplega 4.000 íbúa í þremur byggðakjörnum og umtalsverðu dreifbýli. Húsavík er langstærsti byggðakjarninn með rúmlega 2.300 íbúa, en í Reykjahlíð búa rúmlega 200 manns og tæplega 100 að Laugum. Um það bil 90% íbúa í sýslunni búa í innan við 30 mínútna akstursfjarlægð frá Húsavík.

Sveitarfélög	Íbúafjöldi	km ²
Húsavíkurbær	2.453	269
Skútustaðahreppur	440	6.036
Aðaldælahreppur	280	564
Tjörneshreppur	66	199
Þingeyjarsveit	716	5.424
Alls	3.955	12.493

Tafla 12: Suður-Þingeyjarsýsla.

Leiðir	km
Húsavík-Reykjahlíð	54
Húsavík-Laugar	40
Húsavík-Lón í Kelduhverfi	42

Tafla 13: Fjarlægðir milli byggðakjarna í Suður-Þingeyjarsýslu.

Tillaga sameiningarnefndar

Sameiningarnefnd leggur til að þann 23. apríl 2005 verði íbúum Húsavíkurbæjar, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Skútustaðahrepps og Aðaldælahrepps gefinn kostur á að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna.

Rökstuðningur

Eins og áður segir leggur nefndin áherslu á að sveitarfélögin í S-Þingeyjarsýslu verði nægilega öflug til að reka grunnskóla og halda úti faglegri stjórnsýslu, en umfangsmeiri verkefni verði unnin á vettvangi Héraðsnefndar Þingeyinga. Árið 2002 fór fram atkvæðagreiðsla um sameiningu Aðaldælahrepps, Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Reykjahrepps, Skútustaðahrepps, Tjörneshrepps og Öxarfjarðahrepps. Tillagan var samþykkt á Húsavík og í Reykjahreppi en felld annars staðar, þó með litlum mun í Kelduneshreppi. Sama dag var kosið um sameiningu sveitarfélaganna sem nú mynda Þingeyjarsveit.^[17]

Heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði, samgöngur

Á fundi sameiningarnefndar með sveitarstjórnarmönnum í Suður-Þingeyjarsýslu kom fram að íbúar svæðisins líta á sýsluna sem heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði, þó margir íbúar í Þingeyjarsveit sæki frekar þjónustu til Akureyrar en Húsavíkur. Á fundinum var lögð fram ályktun meiri hluta sveitarstjórnar í Þingeyjarsveit, þar sem óskað var eftir svigrúmi til þess að þróa sveitarfélagið áfram í kjölfar sameiningarinnar 2002. Meiri hluti sveitarstjórnarinnar telur ekki ástæðu til þess að skoða frekari sameiningu að svo komnu máli. Í ljósi þess að nefndin hefur markað þá stefnu að leggja ekki fram tillögu um sameiningu nýlegra sameinaðra sveitarfélaga við önnur í andstöðu við hlutaðeigandi sveitarstjórn, mun nefndin virða afstöðu sveitastjórnar Þingeyjarsveitar.^[18]

Samvinna sveitarfélaga

Eins og áður sagði eru flestir stærri málaflokkar sveitarfélaganna reknir í samstarfi á vegum Héraðsnefndar Þingeyinga. Auk þess hafa einstök sveitarfélög með sér ýmislegt samstarf, svo sem um rekstur grunnskóla. Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur og Húsavíkurbær reka í samvinnu Hafralækjarskóla, en þangað sækja einnig nám nokkrir nemendur úr Þingeyjarsveit.

Kelduneshreppur er í samstarfi við Öxarfjarðarhrepp um rekstur Öxarfjarðarskóla sem hefur um 75 nemendur, þar af um 13 úr Kelduneshreppi.

Verkefni sveitarfélaga

Sameinað sveitarfélag Húsavíkurbæjar, Aðaldælahrepps, Kelduneshrepps, Skútustaðahrepps og Tjörneshrepps með tæplega 3.500 íbúa er ágætlega í stakk búið til að sinna flestum verkefnum sveitarfélaga. Tillaga um sameiningu þessara sveitarfélaga snýr þó fyrst og fremst að því að skapa einingu sem getur staðið faglega að stjórnslu og rekið grunnskóla, enda leysa Þingeyingar flest stærri verkefni í samvinnu á vettvangi Héraðsnefndar. Með sameiningu þessara sveitarfélaga verður samstarf á vettvangi Héraðsnefndar einfaldara og skilvirkara, auk þess sem ábyrgð á rekstri Hafnalækjarskóla verður skýrari en áður. Í Tjörneshreppi, Kelduneshreppi og Aðaldælahreppi eru ekki starfandi sveitarstjórar og skrifstofuhald er lítið.

Norður-Þingeyjarsýsla

Í Norður-Þingeyjarsýslu eru fimm sveitarfélög með rúmlega 1.200 íbúa í þremur byggðakjörnum og umtalsverðu dreifbýli. Byggðakjarnarnir þrír eru af svipaðri stærð, með um 200–400 íbúa hver, en fjarlægðir milli þeirra eru miklar. Á vetrum eiga Þórshafnarbúar að vissu leyti greiðari samgöngur við Akureyri en aðra byggðakjarna í Þingeyjarsýslum, en flogið er milli Þórshafnar og Akureyrar alla virka daga.

Íbúapróun á svæðinu hefur verið neikvæð síðastliðin ár, íbúum á Raufarhöfn hefur til dæmis fækkað um nærri 50% síðan 1995.

Sveitarfélög	Íbúafjöldi	km ²
Kelduneshreppur	103	736
Öxarfjarðarhreppur	344	2.687
Raufarhafnarhreppur	254	37
Svalbarðshreppur	126	1.155
Þórshafnarhreppur	400	728
Alls	1.227	5.343

Tafla 14: Norður-Þingeyjarsýsla.

Leiðir	km
Þórshöfn-Raufarhöfn	66
Þórshöfn-Kópasker	99
Kópasker-Raufarhöfn	54

Tafla 15: Fjarlægðir milli byggðakjarna í Norður-Þingeyjarsýslu.

Tillaga sameiningarnefndar

Sameiningarnefnd leggur til að þann 23. apríl 2005 verði íbúum Svalbarðshrepps og Þórshafnarhrepps gefinn kostur á að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Auk þess leggur nefndin til að íbúum Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps verði við sama tækifæri gefinn kostur á að kjósa um sameiningu þeirra sveitarfélaga.

Eins og áður sagði leggur nefndin til sameiningu Kelduneshrepps, Húsavíkurbæjar, Tjörneshrepps, Skútustaðahrepps og Aðaldælahrepps.

Rökstuðningur

Eins og áður segir leggur nefndin áherslu á að sveitarfélögin í Þingeyjarsýslu verði nægilega öflug til að reka grunnskóla og halda úti faglegri stjórnslu, en umfangsmeiri verkefni verði unnin á vettvangi Héraðsnefndar Þingeyinga. Sökum fámennis og mikillar dreifingar byggðarinnar er ekki unnt að sjá raunhæfa sameiningarkosti sem uppfylla viðmið nefndarinnar

án þess að sameina Þingeyjarsýslurnar báðar í eitt sveitarfélag. Sú leið er ekki raunhæf sem stendur, í ljósi samgangna á svæðinu. Nefndin telur þó að í ljósi neikvæðrar mannfjöldapróunar síðastliðinna ára sé nauðsynlegt að sameina sveitarfélög á svæðinu í öflugri einingar.

Heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði, samgöngur

Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur mynda atvinnu- og þjónustusvæði, en á Þórshöfn er að finna verslun með flesta dagvöru auk banka, pósthjónustu og heilsugæslu. Íbúar Svalbarðshrepps sækja mikið á Þórshöfn, enda er mikið samstarf milli sveitarfélaganna um nærþjónustu.

Af landfræðilegum ástæðum er erfitt að sameina Raufarhafnarhrepp öðrum sveitarfélögum. Byggðakjarninn á Raufarhöfn myndar vart þjónustulega heild með öðrum sveitarfélögum nema hluta íbúa Öxarfjarðarhrepps og Svalbarðshrepps. Sveitarfélagamörk umhverfis Raufarhöfn eru á margan hátt óheppileg, en þorpinu á Raufarhöfn var skipt út úr gamla Presthólahreppi 1946 og myndar það nokkurs konar eyju í Öxarfjarðarhreppi. Í tillögum sveitarfélaganefndar frá árinu 1992 er lagt til að sveitarfélagamörk á þessu svæði verði tekin til endurskoðunar, komi ekki til sameininga á svæðinu. Mörkin milli Öxarfjarðarhrepps og Svalbarðshrepps eru við Ormarsá rétt sunnan Raufarhafnar, en tveir nyrstu bæir í Svalbarðshreppi eru sunnan við Ormarsána spölkorn frá Raufarhöfn. Börn af þeim bæjum sækja skóla í Grunnskólann á Raufarhöfn.


Samvinna sveitarfélaga

Samstarf milli Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps er umfangsmikið og náið um alla helstu málaflokka, utan þá sem samstarf er um á vegum Héraðsnefndar Þingeyinga. Samvinnan nær yfir skólamál, en Svalbarðshreppur tekur þátt í rekstri grunnskólans vegna tveggja elstu árganganna, öldrunarmál, brunavarnir, leikskóla, tónlistarskóla og íþróttahús.

Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur eru í samvinnu um sorpförgun. Auk þess sækja nokkur börn úr Öxarfjarðarhreppi skóla í Grunnskóla Raufarhafnar.

Verkefni sveitarfélaga

Gangi tillögur sameiningarnefndar eftir verða tvö sveitarfélög í Norður-Þingeyjarsýslu með 500 til 600 íbúa hvort. Þau verða betur í stakk búin en áður til að sinna grunnskólastarfi og lágmarksstjórnsýslu, en öll helstu verkefni verða þau að vinna í samvinnu við önnur sveitarfélög á vettvangi Héraðsnefndar Þingeyinga. Með færri þátttakendum í samvinnuverkefnum á vegum héraðsnefndar ætti ákvarðanataka að verða skilvirkari og einfaldari.



Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að óska eftir því við sveitarstjórnir Húsavíkur, Kelduneshrepps, Tjörneshrepps og Aðaldælahrepps að efna til sameiginlegs fundar um sameiningarmál. Sá fundur hefur verið ákveðinn þriðjudaginn 16. nóv. á Gamla Bauk á Húsavík kl 16:30. Þá hafa komið fram óskir frá sveitarstjórnnum Raufarhafnar og Óxarfjarðar að efni til sameiginlegs fundar allra sveitarstjórna í Þingeyjarsýslu þar sem rætt yrði um sameiningu allra sveitarfélaga í sýslunni. Sá fundur verði laugardaginn 20. nóv. kl. 12 á Húsavík. Talsverðar umræður urðu um tillögur Sameiningarnefndar.

5. Skipun í tengslahóp Atvinnuþróunarfélagsins vegna verkefna í ferðaþjónustu.

Sveitarstjóra falið að leita eftir því við eftirfarandi að þeir taki að sér að vera fulltrúar Skútustaðahrepps í tengslahópnum:

Snow Magic-verkefnið (1): Fulltrúi Skútustaðahrepps verði Jón Óskar Ferdinandsson.

Náttúrufar og nýting (2): Fulltrúar Skútustaðahrepps verði Áslaugur Haddsson og Birkir Fanndal Jónsson.

Heilsuferðapjónusta (1): Fulltrúi Skútustaðahrepps verði Þuríður Helgadóttir.

6. Bréf Landgræðslunar um ástand lands á afréttum vegna gæðastýringar í framleiðslu sauðfjárafurða.

Samþykkt að vísa erindinu til landbúnaðarnefndar ásamt drögum að samningi um Örafagirðingu sem kynntur var sveitarstjórn á síðasta fundi sveitarstjórnar.

7. Erindi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga vegna aukningar hlutafjár.

Á hluthafafundi Atvinnuþróunarfélagsins 8. nóv. var samþykkt að beina þtil sveitarstjórna að þær samþykktu hlutafjárukningu í félaginu um kr. 500 þús. og enn fremur að sveitarfélögin féllu frá forkaupsrétti sínum í tengslum við hlutafjárukninguna.

Samþykkt samhljóða.

8. Skipun í þriggja manna nefnd til ráðuneytis um gerð útivistarkosta.

Sveitarstjóra falið að leita eftir því við eftirfarandi að þeir taki að sér að skipa nefnd til ráðuneytis við gerð útivistarkorts af Skútustaðahreppi: Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson og Sólveig Jónsdóttir.

Helgi M. Arngrímsson hefur verið ráðinn verkefnisstjóri, en hann hefur unnið að gerð slíkra korta fyrir sveitarfélögin á Austurlandi.

9. Bréf Sniðils dags. 11.11. þar sem beðið er um afslátt af gatnagerðargjöldum.

Borist hefur erindi frá Sniðli hf þar sem sótt er um lóðir númer 1, 3, 5 og 7 við Birkihraun. Jafnframt óskar Sniðill eftir 30% afslætti af gatnagerðargjaldi l þar sem þær séu óþarflega stórar fyrir parhús, en Sniðill hyggst byggja tvö parhús á þessum fjórum lóðum.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu lóðanna og að veita umbeðinn afslátt, enda verði farið að þeim reglum sem um greiðslu gilda sbr. 6. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld dags.20. nóv. 2003.

10. Rannsóknarstöðin við Mývatn.

Sveitarstjóra falið að rita umhverfisráðherra bréf þar sem vakin er athygli á að sértekjur Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn vegna námagjalds kísilgúrs falli niður þar sem starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar leggst af á næstunni.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að Rannsóknarstöðinni verði bættur þessi skaði við gerð fjárlaga. Þá telur sveitarstjórn mikilvægt að miðlun upplýsinga frá Rannsóknarstöðinni til íbúa og gestkomandi verði eflað og komið í fastari skorður.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Sverrir Karlsson,

Böðvar Pétusson.